

» Ég var staðráðinn í að koma hingað aftur og búa til tónlist. 34

## Dagur Kári á listanum

Norrænu kvikmyndaverðlaunin



Dagur Kári Pétursson

KVIKMYND Dags Kára Péturssonar, The Good Heart, er ein átta mynda sem tilnefndar eru til Norrænu kvikmyndaverðlaunanna að þessu sinni. Kvikmyndirnar sem hún keppir við eru The Extraordinary Life

of Jose Gonzalez eftir Fredrik Egerstand og Mikel Cee Karlsson, Brotherhood eftir Nicolo Donator, Upperdog eftir Sara Johnsen, R eftir Tobias Lindholm og Michael Noer, Last Cowboy Standing eftir Zaida Bergroth, The Angel eftir Margreth Olin og Sebba eftir Babak Najafi.

Tilkynnt verður um sigurvegarann á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg, sem hefst 29. janúar. Þá verður jafnframt tilkynnt hver af átta alþjóðlegum leikstjórum verður verðlaunaður fyrir bestu frumraunina, en þau verðlaun nefnast Ingmar Bergman International Debut Award. Leikstjórnarnir átta eru Lucia Puenzo, Tom Ford, Shahram Alidi, Martin Zandvliet, Esther Rots, Maren Ade og Oliver Hermanus.

## Dennis Stock látinn

Ljósmyndarinn Dennis Stock, sem hefur verið áhrifamikill í Magnum-ljósmyndarahópnum í nær sex áratugi, lést á mánudaginn í Flórída, 81 árs gamall.



Dennis Stock

Sagt hefur verið að ljósmyndir Stocks af leikaranum James Dean hafi verið jafnmikilvægar við mótun ímyndar leikarans James Deans og leikur Deans í kvikmyndum. Stock tók meðal annars hinar frægu myndir af Dean á Times Square í New York, þar sem Dean gengur hratt áfram í úrhelli, með hendur í vösum.

Dennis Stock myndaði iðulega ýmsa afkima menningarlífsins á sínum langa ferli. Auk portrettmýnda af leikurum tók hann myndir af djasstónlistarmönnum og unglingum sem eru víðkunnar.

Hann öðlaðist frægt 23 ára gamall er hann sigraði í keppni LIFE-tímaritsins fyrir myndir af flótta- mönnum frá Evrópu.

Myndlist

## Ljós í myrkri á kaffihúsinu Mokka

HELGI Snær Sigurðsson opnar í dag sýningu á ljósmyndum á kaffihúsinu Mokka, Skólavörðustíg 3a. Myndirnar tók hann í myrkasta skammdeginu og ber sýningin titilinn *Ljós í myrkri*. „Mér finnst myrkrið fallett og reyni að fanga það með linsu myndavélarinnar. Oftar en ekki kemur eitthvað óvænt í ljós. Ég gef myndavélinni þann tíma sem hún biður um og hún teiknar fallegar myndir fyrir mig í staðinn,“ segir Helgi m.a. um sýninguna. Hann útskrifaðist frá graffikdeild MHÍ árið 1998 og hlaut MFA-gráðu frá Central Saint Martins í London haustið 2005. Sýningin stendur til 18. febrúar.



Helgi Snær Sigurðsson

Tónlist

## Auður og Salonsveit í Salnum

Á HINUM árlegu nýárstónleikum Salarins í Kópavogi leikur Salonsveit Sigurðar Ingva ásamt Auði Gunnarsdóttur sópransöngkonu.

Nýárstónleikarnir verða á morgun, laugardag, og hefjast klukkan 17.00.

Á tónleikumunum leikur Salonsveit Sigurðar Ingva svellandi vínartónlist, valsa, polka og fræg óperettulög. Að þessu sinni bregður sveitin út af vananum og leikur þekktu sigilda slagara í bland.

Í ár syngur Auður Gunnarsdóttir sópransöngkona með Salonsveitinni og Sigrún Eðvaldsdóttir mun bjóða upp á glæsínúmer.



Auður Gunnarsdóttir

Tónlist

## Minningartónleikar Skálholtskvartetts

Skálholtskvartettinn flytur á tónleikum í Garðakirkju á morgun, laugardag, verk Joseph Haydns „7 orð Krists á krossinum.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 17.30.

Tónleikarnir eru til minningar um Helgu Ingólfsdóttur, fyrrverandi listrænan stjórnanda Sumartónleika í Skálholtskirkju. Helga átti stóran þátt í stofnun kvartettsins árið 1996, en þá flutti hann „7 orð Krists“ á Skálholtskirkju. Skálholtskvartettinn skipa Jaap Schróder og Rut Ingólfsdóttir fjölmargir, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari.



Helga Ingólfsdóttir

# Engin raunsæispæling

- Faust frumsýndur í Borgarleikhúsinu í kvöld
- Hilmir Snær leikur Mefistö
- Missti 5 kíló á æfingatímanum
- Er mjög ánægður með sýninguna

Eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur  
kolbrun@mbl.is

NÝ leikgerð af hinu sígilda verki Faust verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld. Leikstjóri sýningarinnar er Gísli Örn Garðarsson, sem er jafnframt höfundur ásamt félögum sínum í Vesturporti. Nick Cave semur tónlist og söngtexta fyrir sýninguna ásamt Warren Ellis. Samstarf Borgarleikhússins, Gísla Arnar og félaga hans í Vesturporti hefur borið ríkulegan ávöxt enda hafa fyrri samstarfssýningar leikhúsanna farið víða um heim á undanföllum árum. Nægir þar að nefna Rómeó og Júlíu, Woyzeck og Kommúnuna.

Mikil líkamleg áreynsla

Faust er kominn á efri ár þegar hann uppgötvar að hamingjan verður ekki eingöngu höndluð með lestri bóka. Mefistö freistar hans og segist geta kynnt honum sanna hamingju í lífi skemmtana og nautna. Þeir gera samning, finni Faust hamingjuna undir handleiðslu Mefistós þá eignast djöfullinn sál hans. En svo kynnist Faust hinni saklausu Grétu.

Hilmir Snær Guðnason fer með hlutverk Mefistó í sýningunni. „Félagarnir í Vesturporti gera mikla sýningu úr þeim verkum sem þau vinna að. Þetta er einmitt þannig sýning,“ segir Hilmir Snær. „Þetta er langt frá því að vera raunsæispæling. Persónurnar eru ekki mjög jarðbundnar og Mefistö er stílfærð útgáfa af djöflinum. Ég reyni að setja húmor í túlkun mína á honum.“

Fyrir utan að leika á hefðbundnu leiksviði fer leikurinn fram uppi í háloftum yfir áhorfendasalnum. „Það er mikið í gangi. Við erum klifrandi og hoppandi í leikmyndinni,“ segir Hilmir Snær. „Meira að segja ég, gamli karlinn kominn á fimmtugsaldur, tek þátt í því. Mér leist reyndar ekkert á þetta til að byrja með. Á morgnana byrjuðum við á smá fótbolta sem upphitun og svo voru teygjur, armbeygjur og magaaæfingar sem fimleikafólkið í hópnun leiðbeindi okkur í gegnum. Þetta hefur kostað mikla líkamlega áreynslu og ég er búinn að missa fimm kíló á æfingatímanum. Þetta lét mig hafa og er bara orðinn nokkuð liðugur. Svo lít ég auðvitað miklu betur út eftir allar þessar æfingar!“

Þorsteinn snýr aftur

Þorsteinn Gunnarsson leikur Faust og stígur nú á svið eftir margra ára hlé. „Það er yndislegt að leika á mótí Þorsteini,“ segir Hilmir Snær. „Það er alveg einstaklega gaman að fá hann aftur í leikhúsið. Hann er mikill fagmaður og er eins og stærstu og mestu listamennirnir eru alltaf; auðmjúkur og jarðbundinn og vinnur af einurð.“

Hilmir Snær segist ekki geta annað en verið ánægður með sýninguna. „Mér finnst hún frábær. Þetta leikhús, Vesturport, er þekkt fyrir frumleika. Hinir fjölmörgu aðdáendur Vesturports verða ekki sviknir.“



Ljósmyndari Grímur Bjarnason.

Hilmir Snær sem Mefistö „Ég reyni að setja húmor í túlkun mína á honum.“

## Aldagömul saga

Sagan af Faust er aldagömul enda hefur fjöldinn allur af útgáfum verið sviðsettur, kvikmyndaður og sunginn. Þekktust er líklega leikrit Goethe. Aðrar útgáfur eru leikrit eftir Christopher Marlow og skáldsögur Thomas Mann, Doktor Faustus og Mikhail Bulgakov,



Meistarinn og Margaríta. Í uppfærslu Borgarleikhússins fer Þorsteinn Gunnarsson með hlutverk Faust og Hilmir Snær Guðnason er Mefistö. Meðal annarra leikara eru Björn Hlynur Haraldsson og Unnur Ösp Stefánsdóttir sem leikur Grétu.

# Innri víddir drauma

Dodda Maggý sýnir í D-sal Hafnarhússins

MYNDLISTARMAÐURINN Dodda Maggý opnar í kvöld sýningu í D-sal Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi, er hún nefnir „Lucy“. Dodda Maggý er fimmtándi listamaðurinn til að taka þátt í sýningaröðinni sem kennd er við D-salinn og er verkið myndbands- og hljóðmyndsetning. Dodda Maggý segist nota alltumlykjandi „surround“-háttal- arakerfi og myndbandsvörpun í þessu verki.

„Ég vinn með samspil hljóðs og myndar og vann talsvert einfalt en leikrænt verk þar sem áhorfandinn, sem gengur inn í myrkvaðan sal-

inn, sér söngvara eða „performer“ sem birtist í myrkinu,“ segir hún. „Röddin berst um myrkið og kemur frá þessari veru sem birtist og hverfur eftir stígmögnum og staðsetningu hljóðsins. Þetta er leikrænt drama þar sem karakterinn er að reyna að ná tökum á röddinni. Hljóðið tekur yfir og myndin verður eins konar ljós sem er að myndast.“

Lauk tvöföldu námi á Norðurlöndum

Dodda Maggý er í senn leikarinn og höfundur verksins, og sér jafnframt um hina



Lucy Stilla úr verki Doddu Maggýjar.

tæknilegu framsetningu. Verkið var fyrst sýnt í Listasafninu í Hróarskeldu í apríl.

Dodda Maggý hefur verið að sérhæfa sig í hljóð- og myndbandalist síðan hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands.

„Í vor lauk ég mastersnámi við Konunglega listaakademíu í Kaupmannahöfn og á sama tíma var ég í öðru tveggja ára glænýju námi sem heitir Nordic Sound Art,“ segir hún. „Það er einnig á meistarastigi, í samstarfi fjögurra listaháskóla á Norðurlöndum; skólanna í Kaupmannahöfn, Málmei, Osló og Prándheimi. Við sem vorum í þessu námi sérhæfðum okkur í hljóðlist en ég lauk báðum námsbrautum á sama tíma.“

Dodda Maggý segist í verkum sínum gera tilraun til að formgera innri víddir drauma, minninga og ímyndunarafslins.

Sýningarstjóri sýningaradarinnar í D-sal er Yean Fee Quay. [efi@mbl.is](mailto:efi@mbl.is)